

Ár 2009, föstudaginn 18. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör saksóknara við embætti sérstaks saksóknara

I.

Samkvæmt 1. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum, er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum segir ekki nánar hverjir hinir síðastnefndu ríkisstarfsmenn eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skal einnig ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu félaga sem að framan greinir eins og nánar segir í ákvæðinu.

Kjararáð úrskurðaði hinn 15. desember 2009 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör saksóknara.

II.

Kjararáði barst bréf frá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu dagsett 7. október 2009. Í bréfinu er gerð grein fyrir skipun þriggja sjálfstæðra saksóknara við embætti sérstaks saksóknara frá 15. október 2009, sbr. lög nr. 80/2009 um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara nr. 135/2008 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Er þess óskað að kjararáð úrskurði hvort ákvörðun launakjara hinna nýju saksóknara skuli heyra undir ráðið, og ef svo sé, hver kjör þeirra skuli vera. Í bréfinu segir að ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taki ekki til saksóknara við embættið. Skipun þeirra falli niður þegar embætti sérstaks saksóknara verði lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun, en þá skuli þeir halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Saksóknararnir séu ákærendur samkvæmt lögum um meðferð sakamála, en sérstakur saksóknari skipti verkum með sér og saksóknurum við embættið. Fela megi saksóknara að fara með stjórn á rannsókn máls. Að rannsókn lokinni úthluti sérstakur saksóknari máli til sín eða saksóknara við embættið og skuli sá taka ákvörðun um saksókn, gefa eftir atvikum út ákæru í máli og flytja það nema sérstakur saksóknari feli öðrum flutning málsins, samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga nr. 135/2008. Saksóknari við embættið taki ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem hann höfði, svo og kærumál vegna þeirra fyrir Hæstarétti. Einnig geti ríkissaksóknari falið saksóknara við embættið að fara með flutning máls fyrir Hæstarétti sem lögmanni hafi verið falið að flytja fyrir héraðsdómi. Sérstakur saksóknari hafi umsjón með störfum saksóknara við embættið og gæti samræmis í störfum þeirra. Hann geti, tekið í sínar hendur mál sem hann hafi úthlutað saksóknara til meðferðar eða falið öðrum saksóknara að fara með það.

III.

Með bréfum dagsettum 15. október 2009 var hinum nýskipuðu saksóknurum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum um launakjör á framfæri við kjararáð. Jafnframt var

óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu. Svör þeirra bárust með bréfum dagsettu 29. og 30. október 2009. Í bréfunum kemur meðal annars fram að verkefni embættis sérstaks saksóknara séu mjög umfangsmikil og flókin og almenningur vænti mikils af embættinu. Umfjöllun fjölmiðla sé mikil og vinnuálag saksóknara við embættið sé og muni verða mjög mikið. Embættinu sé ætlaður tiltölulega skammur starfstími. Saksóknari við embættið njóti lagalegs sjálfstæðis í störfum sínum og taki þannig einn og óháður ákvörðun um opinbera saksókn í málum og lúti ekki faglegrri stjórn sérstaks saksóknara, sbr. hins vegar ákvæði 20. gr. laga nr. 88/2008, varðandi saksóknara við ríkissaksóknaraembættið. Því sé ekki unnt að jafna störfum og ábyrgð þeirra við störf og ábyrgð annarra skipaðra saksóknara, sem sækja umboð sitt til annarra ákæranda. Í ljósi alls þessa telja saksóknararnir eðlilegt að við ákvörðun launakjara þeirra verði annars vegar horft til launa vararíkissaksóknara og hins vegar til launa sérstaks saksóknara.

Sérstökum saksóknara var með bréfi dagsettu 26. október 2009 gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Í bréfi hans dagsettu 30. október 2009 er gerð grein fyrir verkefnum embættisins. Dómsmálaráðherra skipi þrjá sjálfstæða saksóknara við embættið og skuli þeir allir fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Skipun þeirra falli niður þegar embætti sérstaks saksóknara verði lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun, en í 7. gr. laganna sé gert ráð fyrir ákvörðun um framtíð embættisins 1. janúar 2011. Sjálfstæði saksóknaranna við embættið felist í því að þeir séu ákærndur og vinni ekki í umboði annarra ákæranda. Sérstökum saksóknara sé heimilt að fela þeim stjórn rannsóknar tiltekinna mála á lögreglurannsóknarstigi og hann úthluti málum til sín og saksóknara við embættið. Þeir taki ákvörðun um saksókn, gefi eftir atvikum út ákærur og flytji mál, auk þess að taka ákvörðun um kærur til Hæstaréttar í málum sem þeir höfðu. Sérstakur saksóknari hafi umsjón með störfum saksóknara við embætti hans og geti tekið mál í sínar hendur sem hann hafi úthlutað saksóknara til meðferðar eða falið það öðrum saksóknara. Embættið sé nýtt og starfsemi þess í mótun. Verkefni þess umfangsmikil og flókin og fyrirsjáanlegt að álag verði mikið þann tíma sem embættinu sé ætlað að starfa. Saksóknarar sérstaks saksóknara skuli vera sjálfstæðari í störfum sínum en aðrir saksóknarar. Sérstakur saksóknari telur rétt að líta til heildarlauna vararíkissaksóknara og sérstaks saksóknara við mat á launum sjálfstæðra saksóknara við embættið.

Kjararáð ritaði fjármálaráðuneytinu bréf hinn 15. október 2009 þar sem ráðuneytinu var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um launakjör saksóknara við embætti sérstaks saksóknara. Í svari ráðuneytisins dagsettu 23. október 2009 sagði að ráðuneytið teldi eðlilegt að kjararáð hefði laun og starfskjör saksóknara við embætti ríkissaksóknara til viðmiðunar við ákvörðun á launakjörum sjálfstæðra saksóknara.

IV.

Verkefni embættis sérstaks saksóknara samkvæmt 1. gr. laga nr. 135/2008 er að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við framangreindar stofnanir. Er þeim skylt að veita honum upplýsingar um stöðu annarra mála en að framan greinir. Dómsmálaráðherra getur eftir 1. janúar 2011 lagt til að embættið verði lagt niður, sbr. 7. gr. laganna.

Lög nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara voru sett í desember 2008. Frá þeim tíma hefur lögunum verið breytt tvisvar. Með lögum nr. 25/2009 sem samþykkt voru á Alþingi 25. mars 2009 voru heimildir embættisins til að kalla eftir upplýsingum og gögnum auknar, svo og skylda til að láta þær í té. Með lögum nr. 80/2009 sem samþykkt voru á Alþingi 4. ágúst 2009 var embættið styrkt enn frekar með því að dómsmálaráðherra skipi þrjá sjálfstæða saksóknara við embættið. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2009 segir að markmið frumvarpsins sé að stórefla embætti sérstaks saksóknara svo það verði færara um að sinna lögmæltu hlutverki sínu við rannsókn refsiverðar háttsemi í tengslum við hrun bankanna, og eftir atvikum saksókn. Embættið gegni afar mikilvægu hlutverki í uppgjöri því sem nú sé hafið vegna bankahrunsins og sé rannsóknin nauðsynlegur liður í endurreisn íslensks samfélags.

Fjallað er um hlutverk og skipan saksóknara við embætti sérstaks saksóknara í 2. gr. laga um embættið. Dómsmálaráðherra skipar þrjá sjálfstæða saksóknara við embættið og skulu þeir fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til þeirra og fellur skipun þeirra niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, en þeir skulu þá halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Saksóknararnir eru ákærndur samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Sérstakur saksóknari skiptir verkum með sér og saksóknurum við embættið. Fela má saksóknara að fara með stjórn á rannsókn máls. Að rannsókn lokinni úthlutar sérstakur saksóknari máli til sín eða annars saksóknara við embættið og skal sá taka ákvörðun um saksókn, gefa eftir atvikum út ákæru í máli og flytja það í héraði, nema sérstakur saksóknari feli öðrum flutning málsins. Þá taka saksóknarar ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem þeir höfða. Sérstakur saksóknari hefur umsjón með störfum annarra saksóknara við embættið og gætir samræmis í störfum þeirra. Hann getur þegar sérstaklega stendur á tekið í sínar hendur mál sem hann hefur úthlutað saksóknara til meðferðar eða falið öðrum saksóknara að fara með það. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms og fer um flutning slíkra mála fyrir Hæstarétti eftir almennum reglum, en einnig er honum heimilt að fela það verk sérstökum saksóknara eða saksóknara við embætti hans. Í 4. gr. laganna kemur fram að saksóknarar við embættið fara með lögregluvald samkvæmt 1. mgr. 9. gr. lögreglulaga.

V.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Embætti sérstaks saksóknara er nýtt og stofnað við sérstakar aðstæður. Verkefni embættisins eru skýrt afmörkuð, en umfangsmikil og flókin og má búast við að álag á saksóknara við embættið verði mikið meðan það er til Skipunartími saksóknara við embættið er óljós. Saksóknararnir eru sjálfstæðir og taka því sjálfir ákvörðun um hvort ákært skuli í þeim málum sem þeim hafa verið falin og lúta ekki fyrirmælum hins sérstaka saksóknara í þeim efnum. Höfð var hliðsjón af sjálfstæði þeirra við ákvörðun launa en jafnframt tekið mið af launum annarra saksóknara svo og dómara.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

VI.

Ákvörðunarorð

Frá og með 15. október 2009 skulu mánaðarlaun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú krónur 638.033. Að auki skal greiða þeim 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör saksóknara við embætti sérstaks saksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson